

Skólaslit 2017.

Ræða skólameistara

Heiðraða samkoma. Við hefjum þessa athöfn að venju á því að rísa úr sætum og syngja skólasönginn, texta Einars Benediktssonar **Til fánans** við lag Björgvins Guðmundssonar.

Undirleikari er Eyrún Jónasdóttir, kórstjóri skóla vors.

Skólasöngurinn - Til fánans.

Ágætu verðandi nýstúdentar, fjölskyldur þeirra, starfsmenn, júbílantar og aðrir gestir.

Nýliðið skólaár hefur verið afar skemmtilegt og árangursríkt. Það hefur verið mikill kraftur í starfsfólki og nemendum, “dynamík” í starfinu. Vel hefur verið notið í námi, lífi og starfi. Innleiðing nýrrar aðalnámskrár og styttingar náms til stúdentsprófs hefur gengið vel en næsta skólaár er síðasta ár þess ferils. Við höfum náð því markmiði sem við lögðum upp með, löngu fyrir daga nýjustu aðalnámskrár, að auka svonefnd “krosstengsl” námsins á lokaári nemenda, sem í nýju kerfi er fyrst í haust þriðja námsárið. Krosstengsl merkir að nemendur hvorrar brautin fyrir sig geta valið áfanga sem eru bundnir á hinni brautinni. En í ljósi innleiðingarinnar var ekki stoppað þar heldur og geta nemendur á lokaári valið áfanga í mun meira mæli en krosstengslin svonefndu hafa í för með sér. Af sjö áföngum á haustönn geta nemendur valið 3 eða 4 áfanga, (fer eftir brautum), utan hefðbundins

vals sem eru kór og útivist. Á vorönninni stendur valið um 5 áfanga af 7 á báðum brautum utan hefðbundins vals. Því er þriðja árið í nýja kerfinu líkara áfangakerfi í mörgu tilliti. Síðasta fjórða árið til stúdentsprófs á næsta vetri nýtur þessa og eykst val þeirra einnig þó nám þeirra sé að mestu fyrirfram mótað þ.e. áfangar eru að mestu bundnir á brautum. Í þriggja ára kerfi til stúdentsprófs eru nemendur að jafnaði í 7 áföngum á önn sem sem fyrr sagði, fyrir utan íþróttir sem í dag heita Hreyfing og heilsa, borið saman við 6 áfanga í eldra kerfi. Álag í námi er því meira en áður en ný námskrá miðar við mat á vinnu nemenda að baki áföngum en ekki fjölda kennslustunda. Breyting þessi bíður upp á aukinn sveigjanleika í námi og kennslu. Þó ætla megi að álag sé meira, má færa fyrir því rök að svo sé ekki endilega. Álagið er öðruvísi. Vinnan er jafnari og þéttari, námið er verkefnamiðaðra en áður var og símat er ráðandi þáttur námsmats. Jafnhliða þessari breytingu eru teikn á lofti um að brottfall sé minna. Ekki vegna þess að kröfur hafi minnkað heldur öllu frekar vegna þess að nálgunin, aðferðin, hentar fleiri nemendum betur.

Sem þið vitið, geri ég ráð fyrir, þá ákvað Háskóli Íslands fyrir tæpum þremur árum að færa starfsemi sína, íþróttافرæðasetrið, frá Laugarvatni til Reykjavíkur. Án þess að ég reki þá sögu frekar þá var það gert að sögn stjórnenda háskólans til hagræðingar. Fjárhagslegrar hagræðingar. Sjálfstæði HÍ var algert í þessu máli, ríkisvaldið taldi sig ekki getað snúið upp á þessa ákvörðun. Mér er spurn: Hvernig viljum við að

landið okkar sé upp byggt? Skal allt sett á mælikvarða hagræðingar? Skal unnið að einsleitni í atvinnuháttum landsbyggðanna (í fleirtölu enda eru aðstæður “úti á landi” afar misjafnar), skulu á landsbyggðunum að mestu vera farandverkamenn sem vinna beint eða óbeint fyrir stórfyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu sem gera út á auðlindir landsins? Skal það vera þannig að sveitarfélög beri álagskostnaðinn en arðurinn flytjist til fyrirtækja í borginni? Hver er byggðastefnan? Hver er skilningur á hamingju þjóðarinnar? - Fjölbreytni í atvinnuháttum, lagaleg og þjóðstjórnunarleg umgjörð, sem eflir og styrkir byggð úti á landsbyggðunum, er öllu frekar vænleg til hámerkunar lífsgæða landsmanna í heild sinni. Ekki það að sjúga máttinn úr atvinnu- og mannlífinu “úti á landsbyggðum”. - Háskóli Íslands óskaði eftir því við fagráðuneyti sitt, mennta- og menningarmálaráðuneytið, í framhaldi þessarar ákvörðunar, að fá að skila nokkrum eignum í þeirra umsjá hér á Laugarvatni til ríkisins. Þaðan fór beiðnin eftir allt of langan tíma til fjármála- og efnahagsráðuneytisins sem tekur endanlega ákvörðun. Eignir þær sem um ræðir eru íþróttahúsið sem við hér erum stödd í, sundlaugin hér við hliðina, íþróttamiðstöðin sem er gamli íþróttakennaraskólinn svo og íþróttavöllurinn. Menntaskólinn, sveitarfélagið vegna grunnskólans hér á Laugarvatni og íbúanna svo og Ungmennfélag Laugdæla hafa leigt aðstöðu til íþróttaiðkunar og heilsueflingar svo og vegna viðburða af ýmsu tagi af Háskóla Íslands í áratugi. Án þessarar aðstöðu getur enginn fyrrnefndra aðila verið! Svo einfalt er það. Hvað við tekur hefur verið í lausu lofti, við vörudum við því að sú staða kæmi upp að við hefðum í engin hús að venda vegna

fyrirgreindrar notkunar eftir brottflutning íþróttafraeðaseturs háskólans. Engin samræða fékkst við ráðamenn allt síðastliðið ár til lausnar málinu, svo furðulega sem það hljómar, þrátt fyrir mikla eftirgangsmuni. Allar upplýsingar um hvar málið væri statt þurfti að sækja. Ný ríkisstjórn var mynduð, enn dróst málið fram úr hófi. Loks fengu undirritaður og formaður skólanefndar fund með ráðherra menntamála 4. apríl s.l. og fékkst þá það í gegn að fulltrúar sveitarfélagsins kæmu strax að borðinu en þeir höfðu einnig unnið mikið að því að þrýsta á að samræða fengist sem og margir þingmanna kjördæmisins. Ljóst var strax að það var ekki í myndinni að menntaskólinn tæki við íþróttahúsinu. Leiga á því fyrir ML af Fasteignum ríkisins (öðru nafni Ríkiseignum), undirstofnun fjármálaráðuneytisins, út úr rekstri, yrði honum ofviða og ekki var vilji til að hækka framlög til skólans til að mæta því. Í framhaldi umrædds fundar komst hreyfing á málið. Það er ljós í myrkrinu. Samtal er hafið milli ráðuneyta menntamála og fjármála og svo sveitarfélagsins. Tveir formlegir fundir aðila hafa verið haldnir og sá þriðji er tímasettur á mánudaginn kemur. Það á og skal vinna hratt í málinu enda má engan tíma missa! Á næstu vikum mun það skýrast hver lendingin verður. Og hún verður að vera góð fyrir þá aðila sem hingað til hafa leigt aðstöðuna af Háskóla Íslands því án íþróttahússins og sundlaugarinnar getum við ekki verið. Vert er að hafa í huga í þessu sambandi að ríki og sveitarfélög eru tvö stjórnsýslustig fólksins í landinu. Okkar!

Ég sat fund um daginn með fulltrúum fræðslustofnana á Suðurlandi, Háskólafélags Suðurlands og Háskóla Íslands. Þar kom m.a. fram hjá fulltrúum háskólans að þeir óttuðust að útskrifaðir framhaldsskólanemendur kæmu ver búnir undir háskólanámið eftir styttinguna, sem er þessi árin að koma til fullra framkvæmda í flestum framhaldsskólum landsins þó sumir þeirra hafi lokið henni nú þegar. Ég sagði á fundinum að það væri ekki víst að svo væri. Háskólarnir fengju öðruvísi nemendur í hendur en áður. Nemendur sem yrðu hæfari, að meðaltali, til jafnrar vinnu yfir veturinn, vinnusamari, færari í þekkingarleit, betri verkmennt. Góðir nemendur klára sig af náminu sama hvaða aðferð er notuð. En hinn “venjulegi” nemandi er betri nemandi en áður. Þetta er auðvitað einföldun en samt tel ég vera sannleikskorn í þessari framsetningu minni. Ég óskaði eftir því við fulltrúa háskólans að þeir gerðu athugun, rannsókn, eftir um tvö ár á stöðu nemenda sem innritast hjá þeim þegar allir framhaldsskólar landsins hafa flutt sig yfir í nýtt kerfi, klárað styttinguna. Vel var tekið í það og við bíðum niðurstöðunnar, spennt.

Mikilvægur þáttur góðs skóla er skólabragur og starfsandi. Þar búum við vel í ML. Væntumþykja og vinnusemi, fagmennska og framsýni eru orð sem koma í hugann þegar ég hugsa um anda og brag. Fyrir nokkrum árum heimsótti ég verknámsskóla á Kýpur. Við vorum þar saman, ég og Páll M. Skúlason fyrrverandi aðstoðarskólameistari en það hefur verið hluti okkar starfa í gegnum tíðina að kynna okkur starfsemi

framhaldsskóla í öðrum löndum og breytingar þær og þróun sem þar eiga sér stað. Því höfum við sinnt ágætlega á vettvangi ESHA, European School Head Association. Ég var skráður, þarna í Kýpur þennan dag, í heimsókn í hefðbundinn menntaskóla, bóknámsskóla, en ákvað á síðustu stundu að skoða frekar verknámsskóla. Þáll vill meina að ég hafi villst í rútu, en það er önnur saga. Þá við, sem þar vorum í kynnisferð, erum að yfirgefa verknámsskólann sé ég listrænt veggjakrot, “graffity” hvar teiknað er á ensku: “A happy school is a good school”. Þessi setning sat í mér. Hægt en örugglega sannfærðist ég um að þetta væri kjarni málsins; A happy school is a good school! Ef allir eru hamingjusamir er skólastarfið gott, á réttri leið. Jafnvel óháð því hvað innihaldið er að öðru leyti. Jafnvel, kannski! Þetta er allavegana íhugunarinnar virði.

Aðsókn að skólanum næsta skólaár er afar góð, meiri en við ráðum við. Það stefnir í að vistir verði fullnýttar og ef að líkum lætur verða í kórnum okkar næsta vetur allt að 100 meðlimir. Hann stefnir á kórferðalag til Ítalíu að ári, .. já .. það er engin lognmolla hér!

Ég vil hér og nú þakka starfsfólki skólans alla þá vinnu sem það hefur lagt að mörkum með sérlega jákvæðu hugarfari við skipulag nýrra brautalýsinga og innleiðingu nýrrar aðalnámskrár framhaldsskóla,

námskrár með grunnþættina læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun að leiðarljósi.

Ég mun ávarpa nýstúdentana sérstaklega í lok dagskrár en nú flytur annál skólaársins 2016-2017, námsráðgjafi skólans og staðgengill minn, Gríma Guðmundsdóttir.

Halldór Páll Halldórsson skólameistari